

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 2. greinar laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að verja úr ríkissjóði fé til að greiða laun allt að fjórum aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmönnum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi læknar aðrir en héraðslæknar. Mega launagreiðslur þessar til hvers aðstoðarlæknis nema allt að 400 kr. á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. Landlæknir semur við héraðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna, og skal að jafnaði leitast við að vista einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að gripa meg til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.